



Akureyri, 10. september 2025

Til sveitarstjórnar Langesbyggðar

Efni: Umfjöllun sveitarstjórnar um drög að samstarfssamningi, skipuriti og starfsreglum Farsældarráðs Norðurlands eystra – Beiðni um tilnefningu aðal- og varamanns í ráðið

Virðuleg sveitarstjórn,

Í framhaldi af kynningu á stöðu stofnunar Farsældarráðs Norðurlands eystra á fundi stjórnar SSNE þann 4. september sl., þar sem undirritaður verkefnastjóri mætti á fund stjórnar og lagði fram drög að eftirfarandi skjölum:

- **Samstarfssamningi um svæðisbundið farsældarráð á Norðurlandi eystra**
- **Skipuriti Farsældarráðs Norðurlands eystra**
- **Starfsreglum Farsældarráðs Norðurlands eystra**

...var eftirfarandi bókun samþykkt af stjórn SSNE:

„Þorleifur Kr. Níelsson, verkefnastjóri farsældarráðs Norðurlands eystra mætti til fundarins undir þessum lið og kynnti stöðu verkefnisins. Jafnframt lögð fram drög að samstarfssamningi, skipuriti og starfsreglum farsældarráðs Norðurlands eystra.

Stjórn SSNE þakkar fyrir kynninguna og felur framkvæmdastjóra að senda út drög að samningi og starfsreglum farsældarráðs Norðurlands eystra til umfjöllunar hjá sveitarstjórnnum á Norðurlandi eystra.“

Meðfylgjandi eru því ofangreind skjöl til umfjöllunar og samþykktar í sveitarstjórn Langesbyggðar, sem hluti af stofnun svæðisbundins farsældarráðs Norðurlands eystra, í samræmi við 5. gr. laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Jafnframt er óskað eftir því að sveitarfélagið tilnefni einn aðalmann og einn varamann í ráðið, sbr. 2. gr. samstarfssamnings og starfsreglur ráðsins. Æskilegt er að fulltrúar séu stjórnendur sem eru með góða tengingu við stjórnsýslu og nefndir sveitarfélagsins ásamt því að þeir komi frá sviði velferðar- og/eða fræðslumála, enda gegnir ráðið lykilhlutverki í stefnumótun, samhæfingu og forgangsröðun aðgerða um farsæld barna í landshlutanum.

Ef óskað er eftir frekari kynningu eða fundi með sveitarstjórn til að fara yfir efni skjala og verkefnið í heild, er undirritaður reiðubúinn að mæta á fund hjá ykkur. Vinsamlegast hafið samband til að finna hentugan tíma. Við biðjum um að afstaða sveitarstjórnar og tilnefningar verði sendar svo fljótt sem auðið er, á netfangið thorleifur@ssne.is. Stefnt er að stofnun farsældarráðs í október eða nóvember þar sem sveitarfélögin skrifa undir samstarfssamninginn og aðrir þjónustuaðilar skrifa undir viljayfirlýsingu á þátttöku í ráðinu.

Með fyrir fram þökk fyrir samstarfið og áhugann á þessu mikilvæga verkefni í þágu barna á Norðurlandi eystra.

Virðingarfyllt,

Þorleifur Kr. Níelsson

Verkefnastjóri farsældarráðs Norðurlands eystra

Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE)

Netfang: thorleifur@ssne.is

Sími: 848 4746